



2025-2026

# Skólanámskrá



# Skólanámskrá Engjaskóla

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Um skólann .....	3
Stefna Engjaskóla.....	4
Grunnþættir í menntun.....	6
Hæfniviðmið .....	8
Lestur .....	9
Heimanám .....	9
Námskrá .....	9
Námsmat .....	10
Námsmat í lesfimi .....	11
Mat á hæfni .....	12
Námsmat á yngsta stigi/ 1. – 4. bekkur:.....	12
Námsmat á miðstigi/ 5. – 7. bekkur: .....	13
Einstaklingsnámskrár .....	13
Námsmat í valgreinum.....	13
Útprentun einkunnablaða.....	14
Mismunandi einkunnablöð eru fyrir árgangana: ..... <b>Villa! Bókamerki ekki skilgreint.</b>	
Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun .....	14
Foreldrafélag Engjaskóla .....	14
Foreldrafundir .....	15
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.....	15
Innra mat á árangri og gæðum .....	16
Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla .....	18
Samstarf Engjaskóla, Engjaborgar og Hlíðar/Bakka .....	18
Samstarf við framhaldsskóla.....	18
Móttöku- og tilfærsluáætlun .....	19
Móttaka nýrra nemenda .....	19

Tengsl skóla við nærsamfélagið.....	19
Framtíðarsýn .....	20
Forvarnir .....	21
Forvarnastefna.....	21
Áfengis- og fíknivarnir .....	22
Öryggis- og slysavarnir.....	22
Áætlun gegn einelti – Eineltisáætlun Engjaskóla .....	22
Lífsleikni .....	23
Stoðkerfi.....	23
Bekkjarfundir .....	24
Nemendaviðtöl.....	24
Vinabekkir.....	24
Jafnréttisáætlun .....	24
Viðbrögð við áföllum.....	25

## **Inngangur**

Skólanámskrá Engjaskóla er byggð á lögum um grunnskóla frá 2008, aðalnámskrá grunnskóla frá 2008 og stefnumörkun fræðslufirvalda í Reykjavík.

Í skólanámskrá er birt stefnumörkun skólans. Þar gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu.

Skólanámskrá á að vera í stöðugri endurskoðun og áríðandi að um meginhugmyndir hennar sé stöðug og lifandi umræða.

## **Um skólann**

Engjaskóli er að hefja sitt fimmta starfsár haustið 2024. Nemendur skólans eru um 230 og heildarfjöldi starfsfólks er um 44 manns. Í skólanum eru nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn er teymiskennsluskóli en undanfarið ár hefur teymiskennsla fengið aukið vægi í skólastarfi. Með teymiskennslu er horft mun meira á sameiginlega ábyrgð kennara á nemendum og með teymiskennslu er lögð er á það áhersla að auka samstarf kennara, bæði innan árgangs og milli árganga. Hugsunin er einnig að kennurum gefist kostur á að nýta sína hæfileika og styrkleika betur í samvinnu við samstarfsfólk. Aðferðum Læsisfimmunnar verður beitt af flestum kennurum. Leiðsagnarmat/nám verður haft að leiðarljósi ásamt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Námsmat og áætlanagerð er í takt við kröfur aðalnámskrár og verður haldið áfram að vinna með námsmat eftir A, B, B+ C, C+, D kvarða. Verður sá skali notaður við námsmat í 4. -7. bekk en nemendur í 1.-3. bekk fá umsagnir og tákn.

Starfsfólk Engjaskóla leggur sérstaka áherslu á vinnu með leiðsagnarnám og uppeldi til ábyrgðar. Ávallt er stefnt er að því að efla umhverfisvitund og aga- og bekkjarstjórnun, nýta þau verkfæri sem gefast við að bæta líðan nemenda og gera skólabraginn sem bestan. Engjaskóli er Heilsueflandi grunnskóli með sérstaka áherslu á lestur og hreyfingu. Markmiðið er að efla og styrkja starfsfólk og nemendur Engjaskóla svo vegferð allra innan skólans verði ánægjuleg og árangursrík.

Reykjavík í september 2025  
Álfheiður Einarsdóttir  
skólastjóri

## **Stefna Engjaskóla**

Einkunnarorð Engjaskóla eru SKÖPUN, SEIGLA, SAMVINNA

Í 2. grein laga um grunnskóla er kveðið svo á að hlutverk hans, í samvinnu við heimilin, sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þáttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífeildri þróun. Starfshættir grunnskóla eiga að móta af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Stefna Engjaskóla byggist á þessum grunngildum.

Í 2. grein laga um grunnskóla er einnig kveðið á um að stuðla skuli að víðsýni hjá nemendum. Einnig að efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skulu veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra. Jafnframt er lögð áhersla á að skólinn stuðli að góðu samstarfi heimilis og skóla með það markmið að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í Engjaskóla er lögð áhersla á að starf skólans mótið af þessum ákvæðum grunnskólalaganna. Í því felst m.a. áhersla á nám og starf án aðgreiningar og við hæfi hvers og eins. Leitast er við að koma sem best til móts við þroska, hæfileika, getu, viðhorf og áform hvers nemanda. Af þessu leiðir einnig að lögð er áhersla á fjölbreytni í kennslu- og námsmatsaðferðum og að nemendur séu virkir í námi sínu og taki á því ábyrgð eftir því sem þroski þeirra leyfir. Nemendur eru hvattir til að setja sér raunhæf markmið og meta eigin vinnu og frammistöðu.

Þá er lögð áhersla á að allir nemendur fái kennslu við hæfi og tækifæri til að efla færni sína.

Í skólanum er lögð áhersla á vellíðan nemenda, vináttu og góðan starfsanda. Í grunnskóla skiptir líðan nemenda miklu máli ekki síður en námsárangur. Þetta tvennt þarf að tvinnast saman til að nemendur fái notið sín og þroski hæfileika sína. Öflug samskipti milli heimilis og skóla ásamt jákvæðri sjálfsmynnd og farsælum samskiptum milli nemenda er mikilvægur þáttur í vellíðan grunnskólanemenda. Í Engjaskóla eru farnar ýmsar leiðir til að stuðla að vellíðan og góðum samskiptum. Nefna má bekkjarfundi, eineltiskannanir, forvarnir, lífsleiknikennslu, virkt og sterkt stoðkerfi, vinabekki og vinadaga.

Það er markmið Engjaskóla að nemendur útskrifist úr skólanum með góða færni bæði í náms- og félagslegum þáttum.

## **Menntastefna Reykjavíkurborgar**

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og núgildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

### **Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur**

Í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs er lögð áhersla á innleiðingu nýrrar menntastefnu borgarinnar þar sem byggt er á fimm grundvallarþáttum, félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Engjaskóli leggur sitt á vogarskálarnar með ýmsum hætti

### **Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni**

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogaþæfni. Félagsfærni þrokkast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótu þess samfélags sem það tilheyrir.

Nemendalýðræði er í hávegum haft. Markmið okkar með því er að auka vægi nemenda í eigin námi og félagslífi. Nemendur í 6. bekk taka þátt í Skólaþingi allra grunnskólanna í Grafarvogi og helst það oft í hendur við dag mannréttinda barna. Við skólann er miðstigsráð/nemendafélag sem aðstoðarskólastjóri ásamt starfsmanni frá félagsmiðstöðinni stýrir.

Lífsleikni er samheiti margra námsþátta sem fléttast inn í allt nám og kennslu. Auk þess er lífsleikni sérstök námsgrein á stundaskrá allra nemenda skólans. Umsjónarkennrarar í hverri bekkjardeild annast þessa kennslu og leggja áherslu á sjálfsprekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl (sjá nánar námsvísa einstakra árganga). Jafnframt er skólinn í samstarfi við félagsmiðstöðina með fræðslu og hópastarf í félagsfærni, félagsfærnihópar eru einnig í boði. Skólahjúkrunarfæringur skólans býður fræðslu og hópastarf. Starfsfólk Engjaskóla leitast á þennan hátt, og með daglegri umgengni og virðingu fyrir nemendum, við að skapa nemendum sínum öruggt og jákvætt námsumhverfi, sem einkennist af stuðningi og samvinnu við nemendur.

Aðalmarkmið samstarfs við félagsmiðstöðina er að hafa yfirsýn með nemendum á miðstig hvað varðar félagsfærni, líðan og skólabrag. Samstarf er við aðra kennara og stjórnendur. Fylgst er sérstaklega með því að enginn nemandi verði utan veltu ásamt því að vera einnig í forsvari fyrir uppákomum fyrir nemendur á miðstigi með það að markmiði að efla samstöðu, samkennd og félagsleg tengsl í hópnum.

Skólinn er í góðu samstarfi við félagsmiðstöðina Vígyn.

### **Sjálfsefling – sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu**

Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlast trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsskjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, trú á eigin getu, líðan, námsárangur og árangur í lífinu almennt.

Í Engjaskóla er unnið eftir aðferðafræði Shirley Clarke um leiðsagnarnám þar sem nemandi fær leiðsögn sem eflir hann og styrkir. Ýtt er undir vaxtarhugarfar í námi hvers og eins nemenda. Nemendur kynnast hinum ýmsu námsmatsaðferðum m.a. jafningjamati og nota það við mat á vinnu sinni og samnemenda sinna.

Í Engjaskóla er Uppeldi til ábyrgðar haft að leiðarljósi, þar sem nemendur læra að bera ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og þeir eigi alltaf val um að bæta fyrir það sem út af bregður með því að gera betur næst. Notað er sérstakt hvatakerfi sem er leiðbeinandi fyrir nemandann þegar eithvað stefnir í ranga átt.

### **Læsi - Pekking og skilningur á samfélagi og umhverfi**

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnan hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsi færni á íslensku er lykill og forsenda að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

### **Grunnþættir í menntun**

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru skilgreindir sex grunnþættir sem eiga að vera leiðarljós í starfi allra skóla; **læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun**. Miklu varðar að þessir þættir fléttist inn í allt starf skólans.

Lestur, **læsi í víðtækum skilningi** og málrækt á að vera í brennidepli í öllu námi í Engjaskóla. Hlutverk allra kennara í skólanum er að efla læsi og veita þjálfun í tjáningu. Áhersla er lögð á að nemendur skólans nái góðum árangri ílestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Engjaskóli er umhverfisvænn skóli þar sem áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi **sjálfbærni**, bæði með fræðslu, en ekki síður með virkri þátttöku í verkefnum sem skapa

skilning og móta jákvæð viðhorf til umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar. Skólinn tekur þátt í verkefni Landverndar „Skólar á grænni grein“ og vinnur markvisst að því að ná grænfánanum í hús.

Engjaskóli er heilsueflandi skóli þar sem nemendur tileinka sér heilbrigðar lífsvenjur, bæði andlegar og líkamlegar. Leggja þarf rækt við að leiðbeina þeim um **heilbrigða lífshætti** og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Á þessu skólaári sjá tveir íþróttakennrar ásamt nemendum á miðstigi um að skipuleggja leiki í frímínútum. Skólinn er í samstarfi við LÝÐheilsustöð að móton verkefnisins heilsueflandi grunnskóli. Lagt verður upp úr því að festa í sessi hreyfingu vikunnar í öllum árgögum sem á að ýta undir aukna hreyfingu og vekja áhuga á heilbrigðu lífern.

Engjaskóli hlaut Regnbogavottun á vorönn 2023. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustuþega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.

Í Engjaskóla eiga nemendur að fá fjölmörg tækifæri til að æfa sig í **lýðræðislegum vinnubrögðum**. Nefna má bekkjarfundi, þjálfun í samræðum og ábyrgð á viðburðum sem dæmi um leiðir sem þjálfa nemendur í að taka ábyrgð og vinna saman. Samvinna á að skipa stóran sess í skólastarfinu. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman í ólíkum hópum og takast á við sjálfstæð viðfangsefni sem fela í sér samvinnu við skólagföld á ólíkum aldri. Nemendur fræðast um mannréttindi og jafnrétti og að hvergi gæti mismununar í starfi skólans. Þessu tengjast einnig viðfangsefni sem efla siðferðis þroska og hæfni nemenda í að setja sig í spor annarra. Nemendur eru þjálfaðir í að taka siðferðilega afstöðu til álitamála og læra að virða rétt hvers og eins til að láta skoðanir sínar í ljós. Í skólanum eru starfandi nemendafélag þar sem fulltrúum er gefinn kostur á að koma með skoðunum nemenda á framfæri. Nemendafélagið skipar 14 fulltrúa úr 5. 6. og 7. bekk og koma þeir reglulega saman til skrafs og ráðagerða ásamt Hrafnhildi Ingu aðstoðarskólastjóra og Helgu Hjörðísi forstöðumanni Vígynjar.

Reynt er eftir fremsta megni að fá allt skólastarf frá 1. bekk og upp í 7. bekk í anda **jafnréttis**. Jafnrétti er samofin leik og starfi nemenda í skólanum. Skólastarfið tekur mið af mismunandi námshæfileikum nemenda, kynþætti, trú, kynhneigð, fötlun og hvort nemandi flokkist sem nýbúi eða tvítyngdur. Tækifæri nemenda byggja á áhuga, hæfileikum og færni. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samféluginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Þannig þarf að gera ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf. Gera þarf ráð fyrir virku samstarfi við grenndarsamfélag en slíkt samstarf er einnig einn af lykilþáttum sjálfbærni. Áhersla er lögð á að lýðræðislegir skólar geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Áhersla er lögð á að **sköpun** tengist sem flestum verkefnum sem nemendur Engjaskóla fást við. List- og verkgreinar og hvers konar skapandi viðfangsefni eiga að skipa stóran sess í skólastarfinu. Í þessu sambandi má einnig nefna heildstæð og samþætt verkefni, þemavinnu og nýsköpunarverkefni. Valgreinar eru í boði fyrir nemendur í 5. – 7. bekk Engjaskóla og státar skólinn af fjölbreyttum valgreinum sem kennarar bjóða upp á. Nemendur velja sér valgreinar á fimm vikna fresti þannig að á skólaárinu fá þau að taka þátt í sex námskeiðum.

Engjaskóli er þátttakandi í Grænfánaverkefninu, heilsueflandi grunnskóla og Réttindaskóla UNICEF. Í verkefnunum beinum við augum að heilbrigði og hollustu, náttúruvernd og mannréttindum. Útinám hefur samhljóm í þessum þáttum og tengir allt í eina heild. Það sem fæst við að taka svo mörg lík verkefni inn í einu er að vinnubrögð og hugsunarháttur sem einkennir þessi verkefni verður fljótt hluti af menningu skólans og skilar sér í öflugra starfi og bættri líðan þeirra barna sem taka þátt í verkefnunum.

Hér er áherslan á verklega færni eins og meðferð elds, að höggva eldivið og kveikja bál, tálga, elda yfir eldi. Flest verkefnin snúa að því að nemendur tengist náttúrunni og auki náttúruvitund sína. Það er tilvalið að nemendur taki þátt í smíði hluta fyrir útikennslu og fái tækifæri til að koma með hugmyndir að útfærslum þannig verður námið samvinnuverkefni sem allir eiga hlutdeild að.

## Hæfniviðmið

Grunnþættir menntunar, hæfniviðmið faggreina og lykilhæfni eru þeir þættir sem liggja til grundvallar í nám og kennslu nemenda í Engjaskóla. Hæfnihugtakið felur í sér þekkingu og leikni. Þekking nemandans á bæði fræðilegum og hagnýtum þáttum og leikni sem er bæði vitsmunaleg og verkleg. Kennrarar leitast við að velja hverju sinni árangursríkustu kennsluaðferðirnar sem henta hverjum námshópi, með hliðsjón af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru á oddinn. Fjölbreytni skiptir einnig máli sem og að velja bæði kennsluaðferðir sem krefjast þáttöku og virkni nemenda og námsmatsaðferðir til að bæta námsárangur. Nefna má sem dæmi; samræður, verklega kennslu, þjálfunarverkefni, útikennslu, vettvangsferðir, hópvinnu, leitaraðferðir, innlifunaraðferðir, þrautalausnir, sköpun, sjálfstæð viðfangsefni, sögunaðferðina, leiklist og námsleiki.

Nemendur þurfa að þjálfast í þekkingarleit og vinna úr þeim upplýsingum sem þeir afla sér og læra að gera sjálfum sér og öðrum grein fyrir þekkingu sinni. Í því skyni fást nemendur við ritgerðasmíð, halda fyrirlestra og kynningar af ýmsu tagi og halda sýningar á verkum sínum. Jöfnum höndum er lögð áhersla á sjálfstæða vinnu einstakra nemenda og samvinnu þeirra um smærri og stærri verkefni. Miklu varðar að nemendur fái einnig tækifæri til að vinna með ólíka miðla.

Lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda. Lykilhæfni skiptist í fimm flokka samkvæmt aðalnámskrá. Þessir flokkar eru tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Nám og kennsla er meðal annars skipulögð með þeim hætti að flétta viðfangsefni nemenda

við daglegt líf þeirra og leitast við að auðvelda nemendum að sjá tilgang í námi sínu. Haft er í huga að ný þekking tengist fyrri þekkingu og reynslu nemendanna á merkingarbæran hátt.

Mikilvægt er að nemendur geri sér ljóst að þeir eru ábyrgir fyrir eigin námi. Brýnt er fyrir nemendum að íhuga eigið nám og námsaðferðir og að vera meðvitaðir um hvernig þeir sinna námi sínu og að þær kröfur sem þeir gera til sjálfra sín ráða mestu um árangur skóladvalarinnar. Nemendum er auðveldað þetta með því að láta þá markvisst leggja mat á eigin vinnubrögð og vinnuframlag. Styrk og raunsæ sjálfsmýnd er ein af mikilvægustu forsendum námsárangurs.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að ráða nokkru um nám sitt. Þar skiptir máli að hafa stundum val um viðfangsefni, tækifæri til að fást við verkefni á eigin áhugasviði og fjölbreyttar valgreinar, einkum á ungingastigi.

## Lestur

Engjaskóli styðst við viðmið frá Menntamálastofnum í lesfimi. Byrjendalaesi er notað í lestrarkennslu nemenda í 1. og 2. bekk. Meginmarkmiðið er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Lögð er áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Engjaskóli fylgir Lestrarstefnu Grafarvogs og Kjalarness sem kom út 2021. Einnig er lögð rækt við að efla skólaufærni nemenda, m.a. að þjálfa þá í sjálfstæðum vinnubrögðum og samskiptum.

Engjaskóli nýtir sér einnig kosti Læsisfimmunnar en Læsisfimman er skipulag hannað til þess að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og einstaklingsþarfir innan hans og meginmarkmiðið er að þjálfa læsi, sjálfstæð vinnubrögð og úthald. Nemendur hafa val um lesefni eða námsefni og í hvaða verkefnum þeir vilja vinna, innan ákveðins ramma. Mikilvægur þáttur í ferlinu er undirbúningurinn en hann þarf að vinna markvisst til að kennrarar séu öruggir og viti hvert skal stefna og til að nemendur skilji hvers er krafist af þeim.

## Heimanám

Í Engjaskóla er heimanám í öllum árgögum skólans. Þar með er foreldrum og forráðamönnum gert kleift að fylgjast með námi barnsins og eignast hlutdeild í árangri þess. Áhersla er á að heimanámi sé stillt í hóf og að það sé merkingarbært og við hæfi hvers og eins. Á öllum stigum á lestur, bæði lestrarþjálfun og lesskilningur, að sitja í fyrirrúmi þegar heimanám er skipulagt. Þá skiptir máli að heimanám feli einkum í sér þjálfun á þeim þáttum sem barnið hefur lært í skólanum, en síður á ný viðfangsefni. Nemendur í 1.-7. bekk lesa heima upphátt að lágmarki í 15 mínútur á dag. Nemendur fá heimalestursbók í byrjun skólaárs sem er í notkun yfir allt skólaárið. Í bókina á að kvitta fyrir heimalestur eins er hægt að nýta bókina í að senda skilaboð á milli heimila og skóla.

## Námskrá

Að hausti gera allir kennrarar áætlun fyrir sínar kennslugreinar í hverjum árgangi. Áætlunin er unnin út frá sameiginlegu sniðmáti sem unnið var í samvinnu með nokkrum grunnskólum

Grafarvogs og Kjalarsness. Kennrarar höfðu þessa vinnu til hliðsjónar við gerð námskrá Engjaskóla. Kennrarar uppfæra námskrár að hausti í þeim greinum sem þeir koma til með að kenna. Það hæfniviðmið sem unnið er að í hverri grein eftir árgöngum, námsefni tilgreint, helstu kennsluhættir tíundaðir, ýmsar hugmyndir að námsmati þar sem tilgreint er leiðsagnarmat og lokamat. Einnig á að tilgreina vinnulag, námsmat og hverjur kenna greinina. Í námsmatskaflanum skal koma fram hvaða þættir verða metnir til einkunna, með hvaða hætti og hvaða einstaka verkefni eða próf komi til með að gilda til lokaprófs. Allir kennrarar útbúa kennsluáætlun út frá hæfniviðmiðum fyrir sínar kennslugreinar í hverjum árgangi. Áætlunin skal vera unnin út frá hæfniviðmiðum hverrar námsgreinar samkvæmt aðalnámskrá og þar skal tilgreina greinasvið, kennslufyrirkomulag, námsefni og námsmat.

Kennrarar útbúa námslotur í Mentor sem verða sýnilegar foreldrum. Með þessu móti er nemendum og foreldrum gert kleift að fylgjast með námsframvindu barna sinna.

## **Kennsluáætlanir**

### [Kennsluáætlanir 1. - 7. bekkur](#)

## **Námsmat**

### **Forsendur**

Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – Námsmat í skólanámskrá og starfsáætlun skóla (bls. 26)

*„Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats og umsagna í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar. Nemendur, foreldrar, kennrarar og aðrir starfsmenn skóla þurfa að geta skilið niðurstöður námsmats á svipaðan hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingar til að bæta nám og kennslu.“*

Í Aðalnámskrá grunnskóla er bent á að mat á hæfni og framförum nemenda eigi að vera reglubundinn þáttur í skólastarfinu, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjur þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Námsmat í Engjaskóla byggist aðallega á leiðsagnarmati og lokamati. Með leiðsagnarmati eru framfarir nemenda metnar í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Nemendur ígrunda hvað þeir geta gert betur og kennrarar vega og meta eigin kennslu. Lokamat gefur upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námslotu eða námstíma.

Í Engjaskóla er áhersla lögð á fjölbreyttar námsmatsaðferðir og að sem flestir þættir námsins séu metnir; þekking, skilningur, hugsun, sköpun, færni og leikni. Nefna má ólíkar gerðir verkefna, prófa og kannana t.d. skrifleg og munnleg próf, próf þar sem hjálpargögn eru leyfð, verkleg próf, samvinnupróf og rafræn próf. Kennrarar nýta sér fjölbreyttar matsleiðir eins og frammistöðumat, leiðsagnarmat, sjálfssmat og jafningjamat. Þá eru skimunarpróf notuð með skipulegum hætti til að greina stöðu nemenda og lesfimipróf lögð fyrir alla aldurshópa þrisvar á skólaárinu.

Áhersla er einnig lögð á lykilhæfniþætti í Aðalnámskrá, hæfni í tjáningu, skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum, samstarfshæfni, hæfni í þekkingarleit og ábyrgð á eigin námi. Þetta er einkum gert með því að umsjónarkennarar fara yfir lykilhæfni árgangsins með nemendum.

Foreldrasamráð er á haustönn og á vorönn og þá er farið yfir bæði námslega og félagslega stöðu nemenda. Foreldrasamráð að vori er nemendastýrt. Vitnisburður er gefinn í lok skólaárs.

Vitnisburði er skilað við annarlok að vori og er vitnisburður gefinn í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D.

Þeir nemendur sem stunda nám sitt eftir aðлагаðri námskrá eða viðmiðum eru með einstaklingsnámskrá og fá umsagnir í lok skólaárs í lokamati. Upplýsingar um metanleg hæfniviðmið í 1.-7. bekk eru aðgengilegar í Mentor og birtast á hæfnikorti hvers nemanda í hverri námsgrein. Hæfnikort nemenda eru aðgengileg í Mentor.

Áhersla er lögð á að vitnisburði fylgi, eftir því sem unnt er, leiðbeinandi umsagnir um námið og hvernig markmiðun þess hefur verið náð. Þessar upplýsingar koma annað hvort fram í vitnisburði sem gefinn er út að vori eða eru nemendum og foreldrum aðgengilegar í Mentor.

## Námsmat í lesfimi

Skólinn styðst við lesfimiðviðmið frá Menntamálastofnun. Allir árgangar taka lesfimipróf frá Menntamálastofnun í september, janúar og maí. Talin eru orð á mínútu. Viðmiðin eru flokkuð í: V1, V2, V3.

## **Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils-* fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.**

Aldur	V1-90%	V2-50%	V3-25%
<b>1. bekkur</b>	20-54	55-74	75 og yfir
<b>2. bekkur</b>	40-84	85-99	100 og yfir
<b>3. bekkur</b>	55-99	100-119	120 og yfir
<b>4. bekkur</b>	80-119	120-144	145 og yfir
<b>5. bekkur</b>	90-139	140-159	160 og yfir
<b>6. bekkur</b>	105-154	155-174	175 og yfir
<b>7. bekkur</b>	120-164	165-189	190 og yfir

<b>8. bekkur</b>	130-179	180-209	210 og yfir
<b>9. bekkur</b>	140-179	180-209	210 og yfir
<b>10. bekkur</b>	145-179	180-209	210 og yfir

### Mat á hæfni

**A** Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

**B+** Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.

**B** Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

**C+** Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.

**C** Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

**D** Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.

Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

### Námsmat á yngsta stigi / 1. – 4. bekkur:

Lokavitnisburður gefinn í A, B+, B, C+, C, D. Nemendur fá vitnisburð í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor. Stuðst er við miðlæg lestrarviðmið og lestrarpróf frá Menntamálastofnun, orð á mínuðu eru skráð í Mentor til að lestrarferill barna verði þar aðgengilegur.

- Í 1.-3. bekk er vitnisburður gefinn í íslensku, lesfimi, stærðfræði, myndmennt, upplýsinga- og tæknimennt, hönnun og smíði, textílmennt, heimilisfræði, íþróttum, dansi og sundi. Vitnisburður í 1.-3. bekk er gefinn í bókstöfum.

- Í 4. bekk er gefinn vitnisburður í íslensku, lesfimi, stærðfræði, ensku, upplýsinga- og tæknimennt, myndmennt, hönnun og smíði, textílmennt, heimilisfræði, íþróttum og sundi. Vitnisburður í samfélagsgreinum og náttúrugreinum er sýnilegur í lotum í
- Mentor. Hæfniviðmið eru metin í A, B, B+ C, C+, D á hæfnikorti en lokamat er gefið í A, B+, B, C+, C, D og birtist á vitnisburðarblaði.

### Námsmat á miðstigi/ 5. – 7. bekkur:

Í 5.-7. bekk eru hæfniviðmið eru metin í A, B, B+ C, C+, D á hæfnikorti og lokamat gefið í A, B+, B, C+, C, D sem birtist á vitnisburðarblaði. Stuðst er við miðlæg lestrarviðmið og lestrarpróf frá Menntamálastofnun, orð á mínu út er skráð í Mentor til að lestrarferill barna verði þar aðgengilegur.

- Í 5.-7. bekk er gefinn vitnisburður í íslensku, lesfimi, stærðfræði, ensku, dönsku (7. bekkur), samfélagsgreinum, náttúrugreinum, upplýsinga- og tæknimennt, myndmennt, hönnun og smíði, textílmennt, heimilisfræði, íþróttum og sundi.

Samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði verða lögð fyrir á skólaárinu í 4. og 6. bekk. Prófin eru öllum skólum á landinu til boða í 7 árgöngum (4. til 10. bekk), en notkun þeirra verður skyldubundin í 4., 6., og 9. bekk. Frekari þróun Matsferils, nýrrar verkfærakistu til kennara og skóla og Matsferill mun innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni fyrir grunnskólanemendur og kennara til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur.

Fyrsta verkfæri Matsferils er nú þegar komið í gagnið í skólum landsins undir heitinu „Lesfimi“. Lesfimi eru valfrjáls hraðapróf í lestri sem hafa tekist vel og hefur þátttaka í þeim verið mikil hingað til. Þróuð verða fleiri matstæki á næstu misserum og standa vonir til þess að þau muni nýtast skólunum, kennurum og nemendum betur en samræmd könnunarpróf fyrri tíma.

### Einstaklingsnámskrár

Þeir sem hafa stundað nám eftir einstaklingsnámskrá fá hæfniviðmið metin í A, B, B+ C, C+, D en þar fylgir ávallt umsögn með mati.

### Námsmat í valgreinum

Á miðstigi er kappkostað að bjóða nemendum upp á fjölbreytt val og um leið að fá þau til að bera meiri ábyrgð á framvindu náms síns m.a. með hliðsjón af áformum þeirra varðandi framhaldsnám. Framboð á valnámskeiðum er breytilegt milli ára og er í stöðugri endurskoðun.

## **Útprentun einkunnablaða**

Vitnisburðarblað í 1.-7. bekk er prentað út á A4 og undirritað af umsjónarkennara. Afrit fer í einstaklingsmöppu og eintak vistað í námsmöppu nemanda í Mentor.

### **Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun**

Starfsmenn Engjaskóla leggja áherslu á gott samstarf við foreldra um veru barna í skólanum. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli starfsfólks og heimila stuðlar að gagnkvæmu trausti. Miklu varðar að foreldrar upplýsi starfsmenn skólans um atriði sem geta haft áhrif á líðan barnsins í skólanum (viðburðir, lyf, veikindi eða önnur áföll). Lögð er áhersla á reglulegar upplýsingar um námsframvindu og líðan frá skóla til heimilis en einnig nána samvinnu um úrlausn vandamála sem koma upp. Foreldrum er boðið að koma í skólann bæði til að fræðast og til að bera upp erindi og spurningar á fundum eða í viðtolum og einnig til að skemmta sér með börnum sínum, vera á sýningum með þeim eða til að fræðast af þeim um skólastarfið. Foreldrar geta óskað eftir viðtolum við kennara og einnig eru höfð samskipti með tölvupósti, fundum, og í gegnum skráningarkerfi skólans mentor.is.

Til að styrkja samstarf heimilis og skóla og upplýsingamiðlun leggja starfsmenn Engjaskóla áherslu á eftirfarandi:

1. Vikulega senda umsjónarkennrar foreldrum upplýsingar þar sem fram kemur það helsta sem er á döfinni hverju sinni auk upplýsinga um ástundun nemenda.
2. Sjá til þess að upplýsingar um skólann séi reglulega uppfærðar á vefsíðu Reykjavíkurborgar.
3. Kennrar setja upplýsingar um heimanám í mentor.is.

Kennrar færa upplýsingar um skólasókn, ástundun og heimavinnu nemenda í Mentor. Þar er einnig skráður vitnisburður í gegnum lotur í Mentor. Foreldrar hafa aðgang í fjölskylduvef mentor.is að upplýsingum um nám og ástundun barna sinna. Með breytingum á barnalögum þann 1. janúar 2013 hafa forsjárlausir foreldrar nú einnig aðgang Mentor og þeim skriflegu upplýsingum er lúta að skólagöngu barna sinna svo lengi sem þar komi ekki fram upplýsingar um persónulega hagi forsjáforeldris. Foreldrar skrá sjálfir beiðni um tímasetningu viðtala á foreldarsamráðsdögum í mentor.is.

### **Foreldrafélag Engjaskóla**

Foreldrafélag Engjaskóla vinnur með starfsmönnum skólans að velferð og hagsmunum nemenda. Félagið stendur fyrir föstum viðburðum í skólastarfinu, s.s. jólaföndri, páskabingói og vorhátíð. Einnig hefur félagið í samvinnu við skólann fengið fyrirlesara á fundi og styrkt skólann með gjöfum. Stjórn foreldrafélags er ýmist kosin að vori eða strax að hausti og er skipuð fimm foreldrum og jafn mörgum varamönnum. Jafnframt eru tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem vinna með umsjónarkennurum að félagslegu uppeldi nemenda. Einnig vinna þeir að efla

kynni foreldra og skipuleggja vinahópa. Foreldrar eiga þrjá fulltrúa í skólaráði sem kosnir eru á aðalfundi foreldrafélagsins.

## Foreldrafundir

Á hverju skólaári eru haldnir fundir með foreldrum. Fundir byrja að vori með því að foreldrum væntanlegra nemenda í fyrsta bekk er boðið til fundar með stjórnendum þegar börn þeirra koma í vorskólann. Þá er skólastefna Engjaskóla kynnt og foreldrum boðið að skoða húsnæði skólans.

- Í ágúst boða umsjónarkennarar sex ára barna foreldra/forráðamenn og barn til fundar.
- Á skólasetningu eru haustkynningar þar sem rætt er um viðfangsefni komandi skólaárs.
- Í september eru foreldrar/forráðamenn boðnir á haustkynningu með stjórnendum, hjúkrunarfræðingi, sálfræðingi, talkennara og umsjónarkennurum.
- Í nóvember er foreldrasamráð, þar sem nemandi, foreldrar og umsjónarkennari funda.
- Í febrúar er foreldrasamráð, þar sem foreldrar, nemandi og umsjónarkennari fara yfir niðurstöður námsmats. Nemendastýrð viðtöl.
- Í maí eru fundir með foreldrum væntanlegra nemenda í 1. bekk.
- Morgunfundir eru haldnir með einstaka árgögum eftir aðstæðum yfir skólaárið.
- Foreldrar geta verið boðaðir á fundi í skólanum af ýmsum tilefnum.
- Umsjónarkennarar og stjórnendur boða foreldra til samráðs þegar þurfa þykir.
- Foreldar eru einnig hvattir til að biðja um fundi ef þeim finnst þörf á því.

## Áætlanir um umbætur og próunarstarf

Meginviðfangsefni umbóta- og þróunarstarfs í skólanum næstu misseri verða tengd innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og móturn skólanámskrár á grundvelli hennar þar sem nýtt námsmat skipar stóran sess.

Stefna skólans er að hafa jafnan þróunarverkefni í gangi. Þróunaráætlun er sett fram til nokkurra ára í senn og sótt um fjármagn til að fjármagna stærstu verkefnin. Markmiðið með þróunarverkefnum er að bæta skólastarfið, auðga og festa í sessi fjölbreytta kennsluhætti og mat, nemendum til hagsbóta. Áhersla er lögð á að það sé starfsfólk skólans sem kemur með hugmyndir og vinnur þessi verkefni í samstarfi við stjórnendur. Störf þróunarstjóra og stjórna miðast að því að halda utan um verkefni, kynna þau og koma í framkvæmd áhersluatriðum og markmiðum skólans.

Á næstu misserum verða eftirfarandi viðfangsefni í brennidepli:

- Á yngsta stigi skólans er unnið að því að festa í sessi lestrarkennsluaðferðir *Byrjendalæsis og Læsisfimmunnar*
- Á öllum stigum skólans er áherslan á lestur, hreyfingu og læsi í víðum skilningi.
- Mikil áhersla er á að efla teymisvinnu kennara og samstarf innan árganga og milli árganga.

- Á miðstigi verður áfram unnið að fjölbreyttu framboði valnámskeiða.
- Skólinn tók þátt í þróunarverkefninu Íslenskuþorpið ásamt skólunum í hverfinu en verkefnið lýtur að móton stefnu í kennslu fjöltyngdra nemenda.
- Engjaskóli er formlega *Heilsueflandi grunnskóli* og er að vinna í stefnumótun í því málefni.
- Engjaskóli hlaut Regnbogavottun á vorönn 2023.
- Skólinn er Grænfánaskóli. Tekur þátt í verkefninu „Skólar á grænni grein“ á vegum Landverndar
- Engjaskóli og Brosbær hlutu viðurkenningu UNICEF sem réttindaskóli og frístund í nóvember 2023.
- Unnið var að gerð Málstefnu Engjaskóla. Nemendur, starfsmenn og fulltrúar frá Miðju máls og læsis unnu sameiginlega að þeirri vinnu. Málstefna skólans er nær fullmótuð og verður kynnt á haustdögum 2025.
- AI Erasmus+ samstarfsverkefni sem Engjaskóli verður hluti af. AI-EduVision er þriggja ára þróunarverkefni sem miðar að því að styðja kennara í að nýta gervigreind á áhrifaríkan, skapandi og sjálfbærana hátt í skólastarfi.
- Þróunarverkefnið Hverfið okkar í nærmynnd. Þátttakendur í verkefninu eru Borgaskóli, Engjaskóli, Víkurskóli og Vígyn félagsmiðstöð.

### **Innra mat á árangri og gæðum**

Í samræmi við ákvæði *Aðalnámskrár grunnskóla* er leitast við að meta árangur skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Gerðar eru tengslakannanir reglulega í hverjum árgangi í umsjón kennara sem nýtast vel til að kortleggja líðan og félagsleg tengsl einstakra nemenda. Umsjónarkennrarar halda bekkjarfundi með sínum umsjónarhópi að öllu jöfnu tvisvar í mánuði. Niðurstöður úr könnunum á vegum Skólapúlsins eru nýttar til að meta stöðu nemenda, foreldra og starfsmanna hverju sinni.

Allir starfsmenn skólans eiga a.m.k. eitt starfsmannasamtal árlega við stjórnendur þar sem áherslan er á líðan, samskipti, fagmennsku í starfi og mat á eigin starfi og stofnunarinnar í heild.

Við árlega endurskoðun skólanámskrár og námsáætlana fer fram umræða um það sem betur má fara í starfinu og lögð fram umbótaáætlun um þá þætti í skólastarfinu sem áhersla verður lögð á að bæta.

Í samræmi við lestarstefnu Engjaskóla eru teknar saman lesfimi skýrslur og niðurstöður í Orðaránum í 3.-7. bekk.

Á hverju vori skila kennrarar árgangaskýrslum um skólastarf vetrarins undir „lesið og kennit“.

Skólaráð hefur samkvæmt grunnskólalögum meðal annars það hlutverk að rýna ákveðna þætti í skólastarfinu sem sagt skólanámskrá, fjárhagsáætlun, starfsáætlun, skóladagatali og eins ef fyrirhugaðar eru meiriháttar breytingar á innra starfi hvers skóla.

### **Samstarf með grunnskólum í Austri. Saman komumst við lengra**

Engjaskóli hefur ásamt 14 öðrum skólum í Austurhverfi Reykjavíkur tekið þátt í þróunarverkefni um innra mat, Saman komumst við lengra,

Ákveðið var skólaárið 2022-2023 að leggja til grundvallar matsviðmið Menntamálastofnunar. Metnir voru eftirtaldir þættir:

#### **2.2. Árangur náms.**

Kennslan byggir á þeiri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Allir nemendur sýna framfarir í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Nemendur sýna þá náms- og lykilhæfni sem stefnt er að samkvæmt aðalnámskrá.

#### **2.6. Ábyrgð og þátttaka.**

Nemendalýðræði er virkt. Nemendur vita að markvisst er leitað sjónarmiða þeirra. Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín, nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag

Skólaárið 2023 – 2024 voru teknir fyrir og metnir eftirfarandi þættir;

#### **2.1 Inntak og námskrár.**

Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum. Sérhver nemandi fær nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. Námsvíasar, bekkjarnámskrár eða áætlanir um nám innihalda markmið og viðmið um hæfni. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.

#### **1.2 Faglegt samstarf og samræða.**

Stjórnendur skólangs hvetja kennara til að vera stöðugt að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms fyrir alla nemendur. Stjórnendur vinna markvisst að því að innleiða og viðhalda lærdómsmenningu og stuðla að markvissri skólaprórun. Stjórnendur hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu og skipulag sem auðveldar slíkt samstarf. Stjórnendur hvetja kennara til að rýna saman í árangur með hliðsjón af gögnum um framfarir nemenda. Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara.

Skólaárið 2024 – 2025 var áherslan lögð á eftirfarandi þætti;

### 2.3. Gæði kennslu.

Störf kennara endurspeglar stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennrarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Viðfangsefni og kennslustundir eru vel skipulagðar, kennsluhættir og námsmatsaðferðir eru fjölbreyttir. Markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda, m.a. með leiðsagnarmati sem byggist á markmiðum og viðmiðum um árangur.

### 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga.

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur starfsins. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennrarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Stjórnendur tryggja starfsfólkviðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun.

Bravo Lesson vefkerfi er notað til að halda utan um innra matið og styðja við gerð og framkvæmd umbótaáætlana. Vefkerfið auðveldar skólum að uppfylla skyldur laganna um gæðastarf í skólum og um leið stuðla að auknum árangri í skólastarfi.

## Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla

### Samstarf Engjaskóla, Engjaborgar og Hlíðar/Bakka

Samstarf grunnskólans og leikskólanna miðar að því að auðvelda börnunum flutning af einu skólastigi á annað. Elstu börnin á leikskólanum Engjaborg og Hlíð/Bakka eru flest væntanlegir nemendur Engjaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnast starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er skemmtilegt fyrir yngstu nemendum grunnskólans að fá hlutverk við að taka á móti væntanlegum skólasystkinum.

Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru. Á haustin vinna umsjónarkennrarar í 1. bekk Engjaskóla og deildarstjórar frá Engjaborg og Hlíð/Bakka sameiginlegt skipulag fyrir skólaárið. Brosbær mætir einnig á þennan skipulagsfund og skipuleggja starfið með leikskólunum. Samkvæmt skipulagi hittast leikskólabörnin og grunnskólabörnin reglulega yfir skólaárið, ýmist í boði Engjaskóla eða leikskólanna. Engjaborg og Nes/Bakki hafa einnig aðgang að íþróttasölu skólans. Stjórnendur taka á móti leikskólabörnum í nóvember og sýna þeim skólann. Verðandi nemendum í 1. bekk er boðið til vorskóla í maí ásamt foreldrum.

### Samstarf við eldri borgara

Skólaárið 2024 – 2025 fengum við til liðs við okkur 6 fulltrúa eldri borgara sem komu reglulega og aðstoðuðu við lestur á yngsta stigi. Áframhald verður á þessari góðu samvinnu skólaárið 2025 – 2026.

## Móttöku- og tilfærsluáætlun

### Móttaka nýrra nemenda

Nýir nemendur koma árlega inn í skólann. Flestir koma að hausti en aðrir á skólaárinu. Það er alltaf kvíðablandið að byrja í nýju starfsumhverfi hvort sem viðkomandi er ungar eða eldri. Því er nauðsynlegt að tekið sé á móti einstaklingum með formlegum hætti.

Nemendur eru skráðir í skólann í Rafrænni Reykjavík (sjá á vef Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur til nánari upplýsingar [www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)). Starfsfólk skrifstofu skólans sér um að taka við upplýsingum um nemandann og deildarstjóri sér um að raða honum í námshóp og skipa honum umsjónarkennara. Þegar nýir nemendur hefja nám í Engjaskóla að hausti þá boða kennrarar þeirra þá og foreldra / forráðamenn þeirra til sín sérstaklega áður en bekkurinn kemur í skólann. Kennarinn gefur þeim upplýsingar um skólann, sýnir þeim skólahúsnaðið og spjallar við þá. Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri hittir einnig nýja nemendur og fylgist með hvernig þeim vegnar á nýjum stað. Þess er gætt að listi með upplýsingum um nýja nemendur sé jafnan á skrifstofu. Þeim nemendum sem hefja nám í 1. bekk er boðið að koma í vorskólann vorið áður, en þegar nýbúar eða heyrnarskertir foreldrar koma í skólann þarf að huga að því hvort þörf er á túlkaþjónustu. Skóla- og frístundasvið hefur gefið út kynningarrit á nokkrum erlendum málum fyrir foreldra grunnskólanemenda [www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)

Mikið samstarf er við leikskólana Engjaborg og Nes/Bakka um gagnkvæmar heimsóknir milli leikskólanema og yngstu nemendanna. Vorið áður en nemendur hefja nám í 1. bekk er þeim boðið í vorskóla, heimsókn í skólann til að kynnast umhverfinu og skólastarfinu. Þegar nemendur eru byrjaðir í skólanum að hausti er haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þeirra um nám í grunnskóla. Slíkt hið sama er gert þegar nemendur 7. bekkjar fara í 8. bekk en þá er líka haldinn fræðslu- og kynningarfundur um unglingsárin og valgreinaframboð kynnt.

Nemendur í grunnskóla sem hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Til að meta þörf nemenda á nýbúakennslu er lagt fyrir þá skimumarprófið *Milli mála* sem segir til um þörf nemenda á stuðningi. Markmið kennslunnar er að þeir nái sem fyrst tökum á námsefni árgangsins og geti sem fyrst tekið fullan þátt í íslensku samfélagi. Nemendur eru hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það.

### Tengsl skóla við naersamfélagið

Í Engjaskóla er lögð áhersla á góð tengsl við naersamfélagið og að tengja námið við umhverfi skólans. Sem dæmi má nefna náttúruskoðun, t.d. fjöruferðir og fjallgöngur. Einstaka nemendur úr Borgarholsskóla koma í Engjaskóla til að aðstoða yngri nemendur við lestrarnámið. Fá framhaldsskólanemendurnir einingar fyrir verkefnið. Þá má nefna samstarf við íþróttafélögin í

hverfinu. Nemendur taka þátt í Grafarvogsdeginum og heimsækja Gufunesbæinn. Loks má nefna útikennslu af ýmsu tagi. Borgarbókasafnið Spöng er í góðri samvinnu við Engjaskóla og eru nemendur ávallt velkomrir á safnið.

Meðal hugmynda sem áhugi er á að þróa til að styrkja enn betur tengsl skólans við nærsamfélagið má nefna:

- Reglulegar heimsóknir í Gufunesbæ.
- Reglulegar heimsóknir á Borgarbókasafnið í Spönginni.
- Heimsóknir skálða sem búa í hverfinu í skólann.
- Aukið samstarf við aðra grunnskóla í hverfinu, t.d. í formi íþróttamóta, skákmóta, stærðfræði- og spurningakeppna.
- Verðkannanir í verslunum og þjónustufyrirtækjum.
- Hjóla- og fjallaferðir.
- Að efla samstarf kennara í hverfinu.
- Auka við þekkingu starfsmanna með fræðslu- og námsferðum.
- Heimsóknir í Nýsköpunarmiðstöðina Keldur á döfinni.
- Samstarf við listamenn sem hafa aðstöðu á Korpúlfss töðum á döfinni.

## Framtíðarsýn

Starfsfólk Engjaskóla hefur að leiðarljósi að áfram verði unnið að faglegu og metnaðarfullu skólastarfi með góðan árangur nemenda í öllum námsgreinum að markmiði. Þá þarf að þjálfa með nemendum sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu og efla ábyrgð þeirra á eigin námi.

Stuðla þarf að því að öllum líði vel í skólanum, nemendum sem og starfsfólki. Leggja þarf því höfuðáherslu á tillitssemi í samskiptum, tjáskiptum og að bera virðingu fyrir öðrum.

Þá má nefna eftirfarandi áherslur sem forgangsverkefni í skólanum á næstu misserum:

- Aukin áhersla á umhverfisfræðslu, m.a. með því að skólinn verði umhverfisvænn skóli með aukinni útikennslu.
- Að vinna að öflugu foreldrasamstarfi sem er byggt á gagnkvæmu trausti og virðingu.
- Að leggja áherslu á forvarnarstarf og heilbrigða lífshætti, sem og með þátttöku skólans í verkefninu Heilsueflandi skóla.
- Að leggja áherslu á aukna hreyfingu í tengslum við lestur og nám.
- Að þróa enn öflugri stuðning við nám nemenda.
- Öflugt samstarf við Samfélagslöggreglu.

## Forvarnir

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að vinna skuli

*„markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegrí og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn. Mikilvægt er að allir grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt er í skólanámskrá. Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í fíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og birta í skólanámskrá”* (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Í Engjaskóla er unnið að því að uppfylla þessi ákvæði með ýmsum hætti eins og hér verður gerð grein fyrir.

## Forvarnastefna

Í hverjum grunnskóla skal starfa forvarnarteymi sem hafi það hlutverk að:

Tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda, sjá tengil.

Vera kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Leitast er við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Forvarnarteymi horfir eftir merkjum í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Teymið er jafnframt tengiliður við skólaskrifstofur sem sjá um að miðla þekkingu og fræðslu. Þess má geta að allir starfsmenn skólans hafa lokið fræðslunámskeiði varðandi kynferðislegt- og kynbundið ofbeldi.

Tengill á námsefni [Kynheilbrigði og kynbundið jafnrétti / fræðsluefni fyrir nemendur og foreldra.](#)

Í Forvarnarteymi Engjaskóla sitja:

Álfheiður Einarsdóttir skólastjóri [alfheidur.einarsdottir@reykjavik.is](mailto:alfheidur.einarsdottir@reykjavik.is)

Hrafnhildur Inga Halldórsdóttir aðstoðarskólastjóri og tengiliður teymis

[hrafnhildur.inga.halldorsdottir@reykjavik.is](mailto:hrafnhildur.inga.halldorsdottir@reykjavik.is)

Bryndís Ingimundardóttir myndmenntakennari [bryndis.ingimundardottir@reykjavik.is](mailto:bryndis.ingimundardottir@reykjavik.is)

Olga Hrönn Olgeirsdóttir deildarstjóri stoðkennslu [olga.hronn.olgeirsdottir@reykjavik.is](mailto:olga.hronn.olgeirsdottir@reykjavik.is)

Kristín Guðmundsdóttir íþóttá – og dönskukennari [Kristin.Gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:Kristin.Gudmundsdottir@reykjavik.is)

María Una Óladóttir forstöðumaður Brosbæ/frístund [Maria.Una.Oladottir@rvkfri.is](mailto:Maria.Una.Oladottir@rvkfri.is)


## Áfengis- og fíknivarnir

Umsjónarkennarar í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa skipuleggja áfengis- og fíkniefnaforvarnarfræðslu í lífsleikni fyrir nemendur. Fræðslufundir um forvarnarstarf og hættur samfara vímuefnaneyslu eru haldnir árlega fyrir nemendur og foreldra á unglungastigi. Nemendur með aðstoð umsjónarkennara eru hvattir til þess að sinna eigin forvarnarstarfi undir merkinu Reyklaus bekkur.

## Öryggis- og slysavarnir

Öryggisnefnd starfar í skólanum samkvæmt reglugerð um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrtækja nr. 77/1982. Í henni sitja fjórir aðilar, tveir kosnr af starfsfólki sem eru öryggistrúnaðarmenn skólans og tveir skipaðir af atvinnurekanda sem eru öryggisverðir. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög. Allir þessir aðilar fara á öryggisnámskeið sem er haldið af Vinnueftirlitnu.

## Áætlun gegn einelti – Eineltisáætlun Engjaskóla



Einu sinni á vetri taka nemendur skólans þátt í könnun á einelti. Kennari framkvæmir könnunina og gerir stjórnendum og nemendum grein fyrir niðurstöðu.

Gerð er tengslakönnun hjá nemendum í hverjum árgangi að lágmarki einu sinni að ári. Farið er yfir könnunina á fundi með stjórnendum og umsjónarkennara viðkomandi árgangs.

Skólinn starfar eftir mótaðri hugmyndafræði gegn einelti og stefnu Reykjavíkurborgar um vinsamlegt samfélag. Starfsmenn skólans gera ýmsar kannanir til að meta líðan nemenda og nýta kannanir á vegum Reykjavíkurborgar og fleiri aðila. Niðurstöður eru nýttar til að bæta samskipti og skólastarf.

Engjaskóli hefur sett sér áætlun um meðferð eineltismála. Í henni eru upplýsingar, ráðleggingar og greinar um varnir gegn einelti og ofbeldi og hvernig skuli bregðast við því.

Helstu niðurstöður fjölda rannsókna benda til að á bilinu 5-10% allra barna á grunnskólaaldri verði fyrir einelti. Einelti er langvarandi ofbeldi, líkamlegt eða andlegt þar sem einn eða fleiri níðast á eimum sem ekki kemur vörnum við. Það felur í sér misbeitingu valds þar sem gerandinn beitir hótunum og vill ráða yfir þolandnum. Einelti er ekki bundið við aldur en rannsóknir benda til að það sé algengast á aldrinum 9 - 12 ára.

Tengill á [Vinnuferli við samskiptavanda](#)

## Lífsleikni

Lífsleikni er samheiti margra námsþáttta sem fléttast inn í allt nám og kennslu. Auk þess er lífsleikni sérstök námsgrein á stundaskrá allra nemenda skólans. Umsjónarkennrarar í hverri bekkjardeild annast þessa kennslu og leggja áherslu á sjálfsþekkingu, samskipti, sköpun og lífsstíl (sjá nánar námsvísá einstakra árganga). Jafnframt er námsráðgjafi skólans með fræðslu og hópastarf í félagsfærni, félagsfarnihópar eru einnig í boði og skólahjúkrunarfræðingur skólans býður fræðslu og hópastarf. Starfsfólk Engjaskóla leitast á þennan hátt, og með daglegrum umgengni og virðingu fyrir nemendum, við að skapa nemendum sínum öruggt og jákvætt námsumhverfi, sem einkennist af stuðningi og samvinnu við nemendur.

## Stoðkerfi

Skólinn leggur áherslu á virkt og sterkt stoðkerfi. Við skólann starfar hjúkrunarfræðingur og á hann sæti í nemendaverndarráði. Skólinn er í nánu samstarfi við Austurmiðstöð og sitja sálfræðingur og félagsráðgjafi nemendaverndarfundi skólans. Einnig er skólinn í samstarfi við Meðferðarteymi heilsugæslunnar í Grafarvogi sem sinnir börnum og fjölskyldum þeirra. Farþeymi er samvinnuverkefni skólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi. Í teymið geta skólanir sótt um kennsluráðgjöf fyrir einstaka kennara og/eða nemendahópa.

## Bekkjarfundir

Umsjónarkennrar halda reglulega bekkjarfundi. Bekkjarfundir eru vettvangur til að ræða þau málefni sem ofarlega eru á baugi í bekknum. Þar er rætt um líðan, mótaðar reglur gegn einelti, bekkjarreglur settar, deilur leystar, auk þess sem tekið er á óæskilegum samskiptum og fleiru sem kennari og nemendur finna þörf á að ræða. Bekkjarfundir gefa tækifæri til að fylgjast með félagslegum tengslum innan bekkjarins, meta þau og gæta að og efla góðan bekkjaranda.

## Nemendaviðtöl

Til að stuðla að góðum kynnum og samstarfi umsjónarkennara og nemenda er á dagskrá að setja nemendaviðtöl markvisst inn sem hluta af starfi umsjónarkennara. Nemandinn veit af viðtalini með góðum fyrirvara og getur lagt til umræðuefni ef hann vill. Lögð er áhersla á að umræðurnar snúist jafnt um hugðarefni og líðan nemandans og námið. Leitast er við að skapa tækifæri fyrir nemandann til að fá athygli kennarans en ekki öfugt.

## Vinabekkir

Skólinn leggur áherslu á vináttu og góðan skólabrag. Sem lið í þeirri viðleitni og til aðala nemendur upp sem ábyrga einstaklinga og auka skilning þeirra á mikilvægi góðs skólabrags og samábyrgðar á líðan annarra þá er stefnan sú að allir bekkir í Engjaskóla eigi sér vinabekk. Vinabekkir skólans hittast reglulega, bæði til samstarfs og skemmtunar. Vinabekkir eru leið til að bæta skólabrag og auka skilning nemenda og samábyrgð um líðan annarra.

## Jafnréttisáætlun

Allt skólastarf, frá 1. bekk og upp í 7. bekk, skal vera í anda jafnréttis. Jafnrétti á að vera samofin leik og starfi nemenda og starfsfólk þarf að geta starfað í þeirri vissu að t.d. kynferði hamli ekki frama í starfi né starfsánægju. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda, kynþætti, trú, kynhneigð, fötlun og hvort nemandi flokkist sem nýbúi eða tvítyngdur. Tækifæri nemenda á ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna frá árinu 2000 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Tilgangurinn með lögnum er fyrst og fremst sá að þannig sé best tryggt að hæfileikar og færni allra fái notið sín. Skoða þarf allt starf í skólanum út frá sjónarholi jafnréttis. Ef í ljós kemur að það halli á annað hvort kynið þarf að grípa inn í og finna leiðir til að rétta hlut þess sem höllum fæti stendur. Þegar farið er að starfa eftir jafnréttisáætlun er mjög nauðsynlegt að kynna hana vel fyrir öllum þeim er hún varðar og endurskoða hana með reglulegu millibili. Þar sem um grunnskóla er að ræða þarf að kynna hana fyrir foreldrum og sérstaklega þann hluta hennar er snýr að nemendum. Í lögnum er kveðið á um launajafnrétti og að kynin skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Einnig er kveðið á um í jafnréttislögum að karlar og konur eigi að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Kynin eiga að búa við sömu möguleika á stöðuhækkunum, stöðubreytingum og vinnuaðstæðum.

Í lögnum er einnig skýrt tekið fram að öllu starfsfólki þarf að vera ljóst að kynferðisleg áreitni er ekki liðin. Með kynferðislegri áreitni er átt við kynferðislega hegðun sem er ósanngjörn og/eða móðgandi og henni er haldið áfram þrátt fyrir að tekið sé skýrt fram að hegðunin sé í óþökk þolanda. Kynferðisleg áreitni hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða. Stjórnendur verða að tryggja að starfsmenn og nemendur verði ekki fyrir kynferðislegri áreitni m.a. með því að senda út skýr skilaboð um að slík hegðun verði alls ekki liðin og á henni tekið. Vert er að taka fram að kynferðisleg áreitni getur verið frá hendi nemanda við starfsmann og öfugt. Hvorki nemandi né starfsmaður á að komast upp með að nota kynferðislegar tilvísanir eða svívirðingar.

Í lögum um grunnskóla og í aðalnámskrá grunnskóla er á mörgum stöðum kveðið á um jafnrétti allra til náms og starfs. Jafnframt að vinna eigi með nemendum að því að styrkja sjálfsmynd þeirra og aðstoða þá við náms- og starfsval. Námsefni megi ekki mismuna kynjum og í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hafa verið talin hefðbundin kvenna- eða karlastörf. Allt skólastarf skal byggja á góðri samvinnu, jöfnum tækifærum nemenda og góðum undirbúningi fyrir frekara nám eða störf. Í aðalnámskránni má lesa að hver og einn nemandi á rétt á kennslu við hæfi sem tekur mið af áhuga, færni og reynslu. Í aðalnámskrá í lífsleikni kemur fram að vinna skal með jafnréttishugtakið í víðum skilningi og út frá hugmyndum um mannréttindi.

Reykjavíkurborg ætlar sér að verða í fremstu röð hvað varðar frumkvæði og faglegt starf á sviði jafnréttismála. Vísað er til þess að í stjórnarskrá Íslands er varinn réttur kvenna og karla og einnig í mörgum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað. Sérstaklega er tekið fram að allt uppeldis- og tómstundastarf, menntun og fræðsla sem fram fer á ábyrgð borgarinnar og stofnana hennar verði að hafa að leiðarljósi jafna stöðu kynjanna. Það beri að veita börnum og unglungum hvatningu og tækifæri til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án þess að hefðbundnar kynjaímyndir hafi þar áhrif. Einnig segir að skólastjórnendur eigi að leitast við að styrkja jákvæða kynímynd stelpna og stráka og vinna sérstaklega gegn áhrifum klámvæðingar meðal unglings. Sérstök ábyrgð er lögð á herðar skólastjórnenda. Þeir eiga að leggja áherslu á að allt skólastarf miði að því að undirbúa nemendur af báðum kynjum fyrir einkalíf, fjölskyldulíf, félags- og atvinnulíf.

## Viðbrögð við áföllum

Áfallaráð er starfandi í skólanum. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjórar, deildarstjórar, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi.

Hlutverk áfallaráðs er:

- að fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann,
- að standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna og unglings við áföllum,
- að hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis,

- að sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti að skólinn vill vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikindi, skilnaður og dauðsfall.